

Ed.

569. Nefndarálit

[20. mál]

um frv. til l. um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur athugað þetta frv., en ekki orðið sammála. Meiri hlutinn vill samþykkja frv. óbreytt, en við viljum vísa því frá til rækilegri athugunar.

Við vísum til ýtarlegs rökstuðnings í álit minni hluta fjárhagsnefndar Nd. á þskj. 355 og leggjum til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin telur nauðsynlegt, að þetta mikilsverða mál fái rækilegri athugun en þegar hefur farið fram og að löggjöf um verðtryggingu, ef sett verður, feli í sér skýrari ákvæði um reglur þær, sem farið skuli eftir við framkvæmd laganna, og í trausti þess, að ríkisstjórnin skipi fimm manna nefnd, fjóra eftir tilnefningu þingflokka og einn án tilnefningar, til að athuga málið og gera tillögur um það fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. apríl 1966.

Helgi Bergs,
frsm.

Karl Kristjánsson.

Björn Jónsson.